

**Nd. 176. Breytingartillögur [91. mál]**

við frv. til l. um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar (SkG og EÁ).

1. Við 1. gr. Við greinina bætist ný málsgrein:

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að ríkissjóður taki að sér greiðslu á föstum lánnum, erlendum og innlendum, sem tekin hafa verið handa Raforkusjóði vegna rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins, eins og lánin verða við lok ársins 1965.

2. Á eftir 3. gr. komi ný grein, þannig:

Söluverð rafmagns frá rafmagnsveitum ríkisins til héraðsrafmagnsveitna skal vera jafnhátt því verði, er Rafmagnsveita Reykjavíkur greiðir Landsvirkjun fyrir rafmagn, og verð á rafmagni frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins skal vera hið sama og rafmagnsverð hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Ríkissjóður greiðir þann halla, sem verða kann á rekstri rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins vegna fyrirmæla þessarar greinar.